

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 316/2022

2023/EES/48/27

frá 9. desember 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/677 frá 31. mars 2022 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 að því er varðar skrána yfir almenn heiti innihaldsefna sem nota skal við merkingar á snyrtivörum ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/677 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/701 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 13a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/701) í XVI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„**32022 D 0677**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/677 frá 31. mars 2022 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 að því er varðar skrána yfir almenn heiti innihaldsefna sem nota skal við merkingar á snyrtivörum (Stjtið. ESB L 127, 29.4.2022, bls. 1).“

*2. gr.*Texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2022/677, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 127, 29.4.2022, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 121, 8.5.2019, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður